

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XIX. árgangur.

1938.

Miðvikudaginn 12. janúar 1938.

Nr. 113/1937. Valdstjórnin (Garðar Þorsteinsson)
gegn

Gísla Jóhannesi Jónssyni
(Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot.

Varadómari prófessor Bjarni Benediktsson
í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Upplýst er í máli þessu, að kærði hefir stundað ólöglega sölu áfengis frá því í febrúarmánuði og fram í septembermánuð síðastliðið ár, og að úttekt hans á vínnum hjá áfengisverzlun ríkisins hefir á tímabilinu frá því í júnibyrjun og til ágústloka nefnt ár numið 1179 flöskum. Með þessari athugasemd, og að öðru leyti með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður, Gisli Jóhannes Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Lárusar Jóhannessonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 14. sept. 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Gísla Jóhannesi Jónssyni verkamanni, til heimilis á Suðurgötu 6 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935. Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 10. júní 1891, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1921 $\frac{3}{4}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1921 $2\frac{2}{11}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.

1923 $1\frac{1}{3}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.

Með játningu kærðs er sannað, að hann hefir stundað áfengissölu í atvinnuskyni frá því í síðastliðnum febrúarmánuði. Kveðst hann hafa byrjað á áfengissölu þessari vegna fjárhagsvandræða og atvinnuleysis. Sannast hefir, að á tímabilinu frá 2. júní s. l. til 7. ágúst s. l. hefir kærður fengið sent heim til sín úr sölubúð Áfengisverzlunar ríkisins hér í bænum samtals 1179 flöskur af áfengi fyrir alls kr. 9767.25 að kaupverði.

Allt þetta áfengi, að undanteknum nokkrum flöskum, er hann neytti sjálfur, hefir kærður selt með 1—2 krónu álagningu á flösku. Kveður hann áfengissölu sína hafa verið í svipuðum stíl frá upphafi hennar og nefndar töl-

ur sýna. Áfengið hefir kærður selt mest heima hjá sér hinum og þessum, sem um það hafa beðið.

Með sölu þessari hefur kærður gerzt brotlegur gegn 15. gr. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 2000 króna sekt til menningarsjóðs, er afplánist með 65 daga einföldu fangelsi, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Gísli Jóhannes Jónsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og greiði 2000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 65 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. janúar 1938.

Nr. 77/1937. **Guðrún Arnalds** (Lárus Jóhannesson)
gegn

Vigfúsi Þ. Jónssyni (Pétur Magnússon).

Fjárnám í fasteign samkvæmt veðskuldabréfi.

Varadómari prófessor **Bjarni Benediktsson**
í forföllum hrd. **Gizurar Bergsteinssonar**.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst ómerkingar á hinum áfrýjaða úrskurði, og að fógætinn verði skyldaður til þess að framkvæma hina umbeðnu aðför. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dóms-